



Reykjavíkurborg



VEITUR



Reykjavík 8. apríl 2020

# BETRI TRYGGVAGATA

Miðborg Reykjavíkur hefur verið efld á undanförunum árum og hafa bæði nýjar götur og byggingar bæst við. Einnig hafa eldri götur gengið í endurnýjun lífdaga og virkum ferðamatum hefur verið gert hærra undir höfði.

## HVENÆR?

Nú í vor verður haldið áfram að endurnýja Tryggvagötu, bæði lagnir í jörðu ásamt nýju og fallegu yfirborði. Framkvæmdirnar breyta ásynd götunnar til hins betra og verður aðgengi fyrir gesti, íbúa og fyrirtæki bætt, ásamt aðstöðu fyrir vörulosun.

Útkoman verður glæsilegri og aðgengilegri Tryggvagata með sólríku dvalarsvæði. Gatan verður eftir framkvæmdir betri bakgrunnur fyrir lifandi mannlíf á svæðinu sem styður við þá fjölbreyttu þjónustu sem er á svæðinu.

Nú er unnið að því að áfangaskipta verkefninu til að skapa gott aðgengi á framkvæmdartíma ásamt því að verið er að undirbúa gögn fyrir auglýsingu útboðs. Verkefnið verður framkvæmt á tveimur árum, Tryggvagata fyrir framan Tollhúsið og Naustin árið 2020 og Tryggvagata að Grófinni árið 2021.






Reykjavíkurborg



VEITUR



## UPPLÝSINGAR

Áhersla verður lögð á góða upplýsingamiðlun og munum við senda ykkur ítarlegri upplýsingar um framkvæmdina fljótlega. Hægt er að hafa samband í tölvupósti á netfangið [tryggvagata@reykjavik.is](mailto:tryggvagata@reykjavik.is) ef einhverjar spurningar vakna.

## Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík  
s. 411 1111

## Veitur ohf

Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík  
s. 516 6000